

Börkur Sigurbjörnsson

Eltandi draum

örsaga



Urban Volcano

Eltandi draum


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniú ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Eltandi draum

Ég opna augun og lít upp í loftið. Ljósakrónan sveiflast í andvaranum sem berst inn um opinn gluggann. Mig hafði verið að dreyma. Við vorum saman á líflegu borgartorgi við Miðjarðarhafið. Við töluðum saman og þú varst að því komin að segja mér hvers vegna þú yfirgafst mig. Hvers vegna þú hvarfst úr lífi mínu.

Ég loka augunum og sný til baka til torgsins. Ég lít í kringum mig í leit að þér. Þig er hvergi að sjá. Torgið er autt. Ég byrja að hlaupa. Ég hleyp upp og niður strætín í kringum torgið, leitandi að þér. Ég verð að finna þig. Ég verð að fá að vita

hvers vegna þú yfirgafst mig. Ég hleyp upp eitt stræti og beygi svo inn í annað. Eins og torgið þá eru allar göturnar auðar. Það er engan að sjá. Draumurinn er horfinn.

Ég sný aftur til torgsins, móður eftir hlaupin. Ég halla mér fram, styð lófum á hné og reyni að anda eðlilega. Ég veit að eltingaleikurinn mun ekki bera ávöxt. Ég mun aldrei ná í skottið á þér. Ég gefst upp, opna augun og sný til baka yfir í raunheiminn.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano